

Hollvinasamtök Reykjalundar  
Ársreikningur  
2018

Hollvinasamtök Reykjalundar  
Neðstaleiti 1  
103 Reykjavík

Kt. 601213-1760

## Efnisyfirlit

---

Skýrsla stjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Skyringar .....	8

## Skýrsla stjórnar

---

Í stjórn árið 2018 voru Haukur Fossberg Leósson, formaður, Bryndís Haraldsdóttir, varaformaður, Dagný Erna Lárusdóttir, Ragnheiður Rikharðsdóttir, Sigbör C. Guðmundsson, Jón Á. Ágústsson, varamaður og Halldór Kvaran, varamaður.


Hollvinasamtök Reykjalundar hafa það að markmiði sínu að styðja við starfsemi Reykjalundar.

Skráður fjöldi félaga 31. desember 2018 var 364 en 245 höfðu greitt félagsgjaldið sem er kr. 6.000.

Helsta verkefni samtakanna á þessu starfsári var að gefa Reykjalundi nítján gjafir að verðmæti 12.633.552 kr.

Stjórn samtakanna staðfestir hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2018.

Reykjavík, 1. mars 2019

  
Jón Á. Ágústsson  
Bryndís Haraldsdóttir  
Sigbör C. Guðmundsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Hollvinasamtaka Reykjalundar

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Hollvinasamtaka Reykjalundar fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarrekning, efnahagsrekning, sjóðstreymsyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um bókhald.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félagini í samræmi við síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggi framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um bókhald og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvárdanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.: ---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Reykjavík, 1. mars 2019

**KPMG ehf.**

Audrey Þ. Guðmundsdóttir

## Rekstrarreikningur 1. janúar - 31. desember 2018

---

	Skýr.	2018	2017
<b>Tekjur</b>			
Félagsgjöld .....	1.470.000	1.634.000	
Framlög og styrkir .....	95.500	18.800.923	
	<u>1.565.500</u>	<u>20.434.923</u>	
<b>Rekstrargjöld</b>			
Gjafir og styrkir til Reykjalandar .....	10.262.778	9.102.498	
Annar kostnaður .....	530.019	304.397	
	<u>10.792.797</u>	<u>9.406.895</u>	
<b>Rekstrrafkoma fyrir fjármunatekjur</b>	( 9.227.297)	11.028.028	
Fjármunatekjur .....	<u>21.957</u>	<u>23.240</u>	
<b>Rekstrrafkoma ársins .....</b>	( <u>9.205.340</u> )	<u>11.051.268</u>	

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

---

	<b>2018</b>	<b>2017</b>
<b>Eignir</b>		
Handbært fé .....	5.828.306	14.759.308
Skammtímakröfur .....	0	274.338
Veltufjármunir samtals	<u>5.828.306</u>	<u>15.033.646</u>
 <b>Eignir samtals</b>	 <u>5.828.306</u>	 <u>15.033.646</u>
 <b>Eigið fé</b>		
Óráðstafað eigið fé .....	5.828.306	15.033.646
Eigið fé samtals	<u>5.828.306</u>	<u>15.033.646</u>
 <b>Skuldir</b>		
Skammtímaskuldir .....	0	0
Skuldir samtals	<u>0</u>	<u>0</u>
 <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	 <u>5.828.306</u>	 <u>15.033.646</u>

# Skýringar

---

## 1. Almennar upplýsingar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um bókhald. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Samtökin voru stofnuð 2. nóvember 2013.

## 2. Félagsgjöld

Félagsgjöld eru færð eftir innborgunum en 245 félagsaðilar greiddu félagsgjöld að upphæð 1.470 þús. á árinu. Ógreidd félagsgjöld þeirra sem skráð hafa sig í samtökin á árinu 2018 námu 828 þús. kr. í árslok 2018 og hafa þau ekki verið færð til tekna. Samkvæmt lögum félagsins skal fella viðkomandi aðila af félagaskrá sé árgjald ekki greitt á tilsettum tíma.

## 3. Gjafir og framlög

Á reikningsárinu gáfu samtökin Endurhæfingarmiðstöðinni Reykjalundi nítján gjafir að verðmæti 12.633.552 kr. Framlag frá Sigvalda Arasyni að upphæð 55.500 kr. barst Hollvinasamtökunum á árinu ásamt framlagi vegna 50 ára afmælis Halldóru Vífilsdóttur að upphæð 40.000 kr.

## 4. Annar kostnaður

Annar kostnaður greinist þannig:	2018
Endurskoðun .....	273.346
Auglýsingar .....	92.518
Afskrifaðar kröfur .....	120.000
Þjónustgjöld banka .....	44.155
Samtals .....	530.019